

# Rimaskóli.

## Ytra mat á skólastarfi



Nóvember 2015

**Ritun skýrslu**

Birna Sigurjónsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hrund Logadóttir

Nanna Kristín Christiansen

Sigrún Harpa Magnúsdóttir, ritstjóri

Una B. Bjarnadóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

**Töflur og myndir:**

Sara Björk Ólafsdóttir

## EFNISYFIRLIT

Inngangur .....	4
Rimaskóli .....	4
Árangur nemenda – yfirlit .....	4
Samantekt – Greining á skólstarfi í Rimaskóla .....	6
Stjórnun - samantekt.....	8
Fagleg forysta.....	8
Stefnumótun og skipulag .....	9
Samskipti heimila og skóla.....	9
Nám og kennsla - samantekt.....	11
Nám og námsaðstæður .....	11
Þátttaka og ábyrgð nemenda .....	12
Skóli án aðgreiningar .....	13
Vettvangsheimsóknir í Rimaskóla .....	14
Innra mat - samantekt.....	16
Mannauður - samantekt .....	17
Rimaskóli – Yfirlit .....	18

## INNGANGUR

Í þessari greinargerð er fjallað um niðurstöður ytra mats í Rimaskóla sem fram fór í október 2015. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Teymið var skipað sérfræðingum frá tölfræði- og rannsóknþjónustu, fagskrifstofum grunnskóla og frístundastarfs, mannauðsþjónustu og kennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Rimaskóli yrði einn af þeim skólum sem færi í heildarmat á skólastarfi skólaárið 2015-2016. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum, auk þess sem farið var yfir gögn um skólastarfið og kannanir voru lagðar fyrir nemendur í 6. og 9. bekk, starfsmenn og foreldra. Í könnun foreldra var svarhlutfallið 62% og í starfsmannakönnun 63%.

Leiðarljós við matið er: **Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.**

Matið er leiðbeinandi og umbótamiðað og markmið þess eru að:

- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Aðstoða skóla við að efla skólastarfið í ljósi innra og ytra mats og styrkja innviði skólans
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Matið er liður í því að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á skólastarfið voru útbúin fyrir þróunarverkefni um ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012 og eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðin voru aðlöguð að stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar á skóla- og frístundasviði árið 2014. Þau eru birt á heimasíðu skóla- og frístundasviðs undir yfirskriftinni *mat á skólastarfi*: [http://reykjavik.is/sites/default/files/vidmid\\_um\\_gaedi\\_i\\_skolastarfi.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi.pdf)

## RIMASKÓLI

Rimaskóli er fjölmennasti hverfissskóli Reykjavíkur. Skólastarfið byggir starfshætti sína á einkunnarorðunum *regla – metnaður – sköpun*. Lögð er áhersla á að í skólanum ríki reglusemi og þar gildi skólareglur sem nemendur virði. Rimaskóli hóf starfsemi sína haustið 1993 í færanlegum skólastofum. Fyrsti áfangi núverandi skólahúss var tekinn í notkun haustið 1994.

Í skólanum eru 552 nemendur í 1.-10. bekk skólaárið 2015-2016 en nemendafjöldi fór mest í 817 nemendur árið 2002. Skólastjóri Rimaskóla er Helgi Árnason og aðstoðarskólastjóri Marta Karlsdóttir. Skólaárið 2015-2016 starfa 84 starfsmenn í 74 stöðugildum í skólanum, þar af kennarar í 41 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 6,6 nemendur á hvert stöðugildi sem er lægra en í borginni í heild að meðaltali (7,7).<sup>1</sup> Ef aðeins er miðað við kennara í skólanum eru um 13,4 nemandi á hvert stöðugildi sem er hærra en hlutfall nemenda á kennara á landsvísu að meðaltali (12,9).<sup>2</sup>

## ÁRANGUR NEMENDA – YFIRLIT

Meðaltalsárangur í samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk í Rimaskóla hefur verið aðeins undir meðaltali Reykjavíkur í öllum greinum undanfarin ár, fyrir utan niðurstöður 4. bekkjar árið 2014, en þá var árangur aðeins yfir meðaltali Reykjavíkur. Framfarastuðlar fyrir samræmd próf 2013- 2014 liggja ekki fyrir.

<sup>1</sup> Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2015.

<sup>2</sup> Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2015.

**Samræmd könnunarpróf – meðaltöl og framfarastuðlar:**

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
<b>4. bekkur</b>										
Íslenska	27,1	29,3	29,7	26,7	31,3	26,7	27,4	26,5	27,9	30,6
Reykjavík	30,9	30,6	30,4	30,3	31,3	31,2	30,4	30,5	31	30,5
Stærðfræði	26,2	28,8	32,2	27,4	30,9	26,4	25	26,5	28,2	31,3
Reykjavík	30	30,2	30	30	30,4	30,5	29,7	29,9	30,7	30,3
<b>7. bekkur</b>										
Íslenska	29,3	28	26,5	28,6	29,4	26,6	28,6	29,3	29,3	28
Framfarastuðull íslenska	0,99	1,00	0,98	1,01	0,98	0,96	1,01	1,01		
Reykjavík	31,2	30,6	30,5	30,4	31,3	30,8	30,8	30,6	30,80	31,3
Stærðfræði	30,9	28,2	30,4	29,1	30,4	28,1	27,8	27,0	29,6	28,6
Framfarastuðull stærðfræði	1,04	0,99	1,00	1,03	1,02	0,96	0,96	0,94		
Reykjavík	31,1	30,5	30,6	30,8	31	30,4	30,9	30,5	30,7	31,4
<b>10. bekkur</b>										
Íslenska	28,8	26,4	28,6	29	28,5	27,5	28,6	28,7	28,8	29,3
Framfarastuðull íslenska	1,00	1,03	0,97	1,00	1,00	1,02	0,99	1,01		
Reykjavík	31,8	30,4	30,7	31,3	31	30,6	30,8	31,1	30,5	30,8
Stærðfræði	29,9	27,5	30	31,7	27,2	29,6	28,9	30,1	30,2	29,8
Framfarastuðull stærðfræði	1,03	1,03	1,00	1,05	0,99	1,01	0,99	1,00		
Reykjavík	31,3	30,3	30,6	31,4	30,9	30,9	30,9	31,1	30,3	30,9
Enska				29,4	30,4	27,9	27,6	29,4	28,1	30,9
Reykjavík				32,1	31,7	31	31,3	31,1	31,2	31,5

Í lesskimun í 2. bekk árið 2015 er hlutfall þeirra sem lesa sér til gagns yfir meðaltali borgarinnar og mældist 70% í Rimaskóla en 64% í Reykjavík. Þá geta hlutfallslega fleiri lesið sér til gagns í skólanum nú en árin tvö þar á undan.

Hlutfall nemenda í 3. bekk sem aðeins taka 1. þrep í stærðfræðiskimun í Talnalykli er undir meðaltali borgarinnar árið 2014 og hefur lækkað síðan 2013. Niðurstöður Talnalykils fyrir árið 2015 liggja ekki fyrir.

**Lesskimun og talnalykill:**

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
<b>Lesskimun 2. bekkur</b>											
Hlutfall sem les sér til gagns	56%	67%	61%	69%	54%	42%	57%	80%	63%	68%	70%
Reykjavík	60%	65%	66%	67%	69%	67%	71%	69%	66%	66%	64%
<b>Talnalykill 3. bekkur</b>											
Hlutfall sem tekur bara 1. hluta		87%	69%	69%	46%	51%	77%	68%	73%	58%	
Reykjavík		69%	68%	66%	69%	72%	74%	76%	75%	73%	

## SAMANTEKT – GREINING Á SKÓLASTARFI Í RIMASKÓLA

### Styrkleikar

Skólustjóri, aðstoðarskólustjóri og deildarstjóri verkefna mynda stjórnunarteymi skólans og bera ábyrgð á faglegri forystu hans. Þeir hvetja til faglegs samstarfs innan skólans en skólinn hefur mótað einkunnarorðin *regla – metnaður – sköpun*. Rík áhersla hefur verið lögð á að miðla upplýsingum um skólastarfið og árangur nemenda í skóla- og frístundastarfi, vel er haldið utan um fundaáætlanir starfsmanna og kennara og hefð er fyrir vikulegu yfirlit yfir dagskrá hverrar viku. Skólareglur Rimaskóla eru jákvæðar og uppbyggilegar.

Starfsáætlun er vel unnin og endurspeglar helstu kröfur aðalnámskrár og áherslur sveitafélags, skóladagur nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá og jafnréttisáætlun og móttökuáætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu Rimaskóla. Umbótaáætlun hefur verið gerð fyrir tímabilið 2014-2017 og innleiðing nýrrar aðalnámskrár með skólum í Grafarvogi og Kjalarnesi er komin vel á veg þar sem búið er að vinna hæfniviðmið fyrir hverja grein í hverjum árgangi og auk þess hefur verið gerð lestrarstefna í samvinnu skólanna.

Samskipti og samstarf innan Rimaskóla einkennast af jákvæðni og gagnkvæmu trausti. Ánægja er meðal kennara með samstarf um vinnu og skipulag náms og kennslu og leitast er við að allir nemendur taki virkan og fullgildan þátt í starfi bekkjarins. Mikil ánægja er með árganga-, stigs- og fagfundi kennara og ánægja er einnig með samkenndu kennara á yngsta stigi í 1.-4. bekk. Samstarf kennara gengur vel og samstarf þeirra við sérkennara byggir á sameiginlegri ákvarðanatöku um lausnir og útfærslur. Komið er til móts við margbreytilegan hóp einstaklinga með sjónrænu skipulag á yngsta stig og nám og kennsla blinds nemenda í skólanum hefur gengið afar vel. Bráðgerir nemendur á unglingsstigi hafa tækifæri til að fara áfram í námi og gott og virkt samstarf er við marga aðila í nærsamfélaginu sem stuðlar að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólasamfélaginu. Vel er staðið að skipulagningu forfallaafleysinga fyrir kennara á yngsta stigi og miðstigi.

Af gögnum ytra mats má ráða að nemendur í Rimaskóla koma almennt vel fram og taka tillit til annarra. Nemendur eru almennt ánægðir með nám sitt og finnst gaman að læra í skólanum. Nemendur á unglingsstigi fá tækifæri til að velja úr fjölbreyttum valgreinum eftir áhugasviði hluta námstímans. Nemendur telja að kennarar hlusti á þá og veiti því athygli sem þeir segja og foreldrar telja að heimanám barna þeirra hafi skýr markmið og sé skipulagt. Nemendahópar eiga sameiginlega tíma á töflu og þannig kost á samvinnu. Hlutfall nemenda í 2. bekk Rimaskóla sem les sér til gagns samkvæmt lesskimun hefur hækkað milli ára 2014 og 2015 en meðal þess sem lögð hefur verið áhersla á í skólanum er greining á lestri nemenda. Reglulega fer fram mat á námi, framförum og árangri nemenda.

Unnið er að ýmsum þáttum innra mats í skólanum og samkvæmt reglugerð er starfandi skólaráð sem fundar reglulega og bæði foreldrar og nemendur eiga aðild að. Fulltrúar nemenda koma úr stjórn nemendafélagsins sem er lýðræðislega kosin. Foreldrafélag skólans er virkur samstarfsaðili skólans og sér um viðburði í skólastarfinu. Foreldrar eru almennt ánægðir með skólann og telja auðvelt að fá upplýsingar frá skólanum. Foreldrafélagið er með gagnlegar upplýsingar á heimasíðu félagsins.

Starfsfólki líður almennt vel í vinnunni og ber umhyggju fyrir hvert öðru. Samstarf innan stiga og árganga er gott og kennarar finna fyrir trausti stjórnenda. Almennt er starfsfólk ánægt með vinnuaðstöðuna og skólinn er vel tækjum búinn. Starfsfólk í sérkenndu er ánægt með kennslugögn og búnað og starfsfólk í mótuneyti er ánægt með vinnuaðstöðu. Starfsmannafélag er starfandi og stendur reglulega fyrir viðburðum.

## TÆKIFÆRI til umbóta

Efla þarf samstarf stjórnendateymis um faglega forystu og stefnumótun um faglegar áherslur í skólasterfinu, auka samráð stjórnenda og kennara um faglegar áherslur skólans varðandi nám og kennslu og leggja áherslu á gerð skólanámskrár sem tilgreinir faglegar áherslur skólans, markmið og leiðir í skólaþróun.

Gera þarf umbótaáætlun sem byggir á innra mati og forgangsraða verkefnum eftir mikilvægi. Birta ætti skólanámskrá sem heildstætt skjal eða undir einu yfirheiti á heimasíðu og ljúka við endurskoðun námskrár í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.

Taka ætti upp umræðu um skólareglur með starfsfólki, samræma viðbrögð við brotum á þeim og gera þær sýnilegar í skólanum. Móta þarf leiðir til að viðhalda góðum starfsanda með áherslu á að virkja starfsfólk til þátttöku í viðburðum og móta ætti áætlun um samstarf foreldra og skólans og tryggja gott upplýsingastreymi til foreldra.

Birta ætti á heimasíðu skólans námsvísa/kennsluskjár fyrir alla bekkir og allar námsgreinar, auka val nemenda í kennslustundum og huga að því að nemendur fái við fjölbreytt viðfangsefni. Auka mætti áherslu á umræður nemenda og ígrundun og leggja áherslu á markvissa nýtingu upplýsingatækni í skólanum en hingað til hefur þráðlaus nettenging í skólarýminu hamað því að hægt hafi verið að nota spjaldtölvur eins og vilji er. Stefnt er að því að búið verið að bæta nettengingu í skólanum á nýju ári.

Kynna ætti fyrir nemendum námsmarkmið og viðmið um árangur í stað markmiða um afköst. Efla þarf nemendalýðræði í skólanum með því að leita markvisst eftir viðhorfum nemenda til náms og kennslu og leita leiða til að virkja og kenna nemendum að setja sér námsmarkmið og vinna samkvæmt þeim. Sóknarfæri eru í kennsluháttum með auknum samræðum og samstarfi nemenda og mikilvægt er að útfæra námsmat með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá og hliðsjón af hæfniviðmiðum og matsviðmiðum. Auka ætti sveigjanleika í námsumhverfi unglingsstigs og finna viðeigandi aðstöðu fyrir námsver unglings. Þegar matið fór fram var þörf á endurskoðun á staðsetningu námsvers yngsta stigs en samkvæmt stjórnendum hefur því verið breytt þannig að nú er námsverið nær nemendum.

Móta þarf sameiginlega sýn um stefnu skólans um skólasamfélag án aðgreiningar með öllum hagsmunaaðilum skólans undir forystu stjórnenda. Vinna þarf heildaráætlun Rimaskóla um skipulag sérstaks stuðnings og gera skýra grein fyrir heildarskipulagi, framkvæmd og ábyrgð einstakra aðila. Skrá ætti hvernig brugðist er við niðurstöðum kannana og skimana. Mikilvægt er hafa upplýsingar um skólann á fleiri tungumálum en íslensku á heimasíðu og gera þarf verkferla um samvinnu milli leik- og grunnskóla og grunn- og framhaldsskóla sýnilega. Sjónrænt skipulag ætti að vera á öllum stigum skólans til að koma til móts við margbreytilegan hóp nemenda.

Koma ætti á kerfisbundnu innra mati sem er samofið daglegu skólasterfi. Gera þarf matsáætlanir til lengri og skemmri tíma og kynna hagsmunaaðilum. Í skólanámskrá þarf að fjalla um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta starfið, bæði árangur og gæði. Skipa ætti matsteymi sem í sitja fulltrúar allra hagsmunaaðila, velja viðfangsefni innra mats út frá stefnu og markmiðum skólans og leggja áherslu á að meta nám og kennslu reglulega. Greina þarf niðurstöður í sterka og veika þætti og setja fram og framkvæma nákvæma umbótaáætlun út frá þeirri greiningu þar sem tímasetning hvers þáttar kemur fram. Skrifa ætti greinargerð um innra matið þar sem framkvæmd og skipulagi er lýst og því hvernig gengið hefur að ná fram markmiðum skólastefnu. Greinargerðin á að vera aðgengileg öllum hagsmunaaðilum.

Efla þarf starfsandann og leita leiða til að auka þátttöku starfsfólks í viðburðum á vegum starfsmannafélagsins. Stjórnendur ættu að veita kennurum og öðru starfsfólki markvissa endurgjöf og leggja sig fram um að hrósa fyrir vel unnin störf. Stjórnendur ættu að vera sýnilegir í skólasterfinu og fara reglulega í heimsóknir í kennslustundir.

Taka þarf á og vinna markvisst gegn fordómum í garð erlendra starfsmanna og tryggja að áætlun um viðbrögð við áreiti og einelti í starfsmannahópnum sé aðgengileg og að unnið sé eftir henni. Tryggja ætti að allir starfsmenn fari reglulega í starfsþróunarviðtal og fylgja þarf niðurstöðum samtalanna markvisst eftir. Bæta þarf móttöku og þjálfun nýrra starfsmanna og leita leiða til að tryggja að erlendir starfsmenn fái nauðsynlegar upplýsingar varðandi starfið og geti tekið virkan þátt í skólasamfélaginu.

Hér á eftir eru niðurstöður ytra matsins settar fram í viðeigandi köflum, þar sem byrjað er á stjórnun, því næst fjallað um nám og kennslu, innra mat og að lokum mannauð.

## STJÓRNUN - SAMANTEKT

Viðmiðum um stjórnun í grunnskóla er skipt í þrjá meginakla: *Faglega forystu, stefnumótun og skipulag, og samstarf heimila og skóla*. Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Rimaskóla í hverjum akla fyrir sig. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.<sup>3</sup>

## FAGLEG FORYSTA

### SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STJÓRNANDINN SEM LEIÐTOGI, STJÓRNUN

#### STOFNUNAR, FAGLEGT SAMSTARF OG SKÓLAÞRÓUN

##### STYRKLEIKAR:

Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri verkefna mynda stjórnunarteymi skólans og bera ábyrgð á faglegri forystu hans. Kennarar telja stjórnendur hvetja til faglegs samstarfs innan skólans og telja sig jafnframt þekkja stefnu og gildi hans en skólinn hefur mótað einkunnarorðin *regla – metnaður – sköpun*.

Rík áhersla hefur verið lögð á að miðla upplýsingum um skólastarfið og árangur nemenda í skóla- og frístundastarfi á heimasíðu skólans og í fréttablöðum. Vel er haldið utan um fundaaætlunir starfsmanna og kennara og hefð er fyrir vikulegu yfirlit yfir dagskrá hverrar viku.

Í rýnihópum kom fram að samstarf innan skólans einkennist af jákvæðni og gagnkvæmu trausti. Ánægja er meðal kennara með samstarf um skipulag náms og kennslu og teymiskennslu á yngsta stigi. Gott og virkt samstarf er við marga aðila í nærsamfélaginu sem stuðlar að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólasamfélaginu. Samstarf við leikskóla í hverfinu hefur gengið vel sem og samstarf við framhaldsskóla. Einnig hefur verið gott samstarf við Korpúlfa, félag eldri borgara í Grafarvogi, tónlistarskóla í hverfinu og þjónustumiðstöðina Miðgarð. Samstarf við félagsmiðstöðina Sygin er öflugt og forstöðumenn félagsmiðstöðvarinnar eru stjórn nemendafélagsins innan handar við skipulagningu félagsstarfs í skólanum.

Skólareglur eru til staðar, sama gildir um jafnréttisáætlun, áætlun um móttöku nýrra starfsmanna og áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi í nemendahópnum og unnið er eftir þeim. Umbótaáætlun skólans liggur fyrir og þar er byggt á fjórum viðfangsefnum fyrir tímabilið 2014-2017 og innleiðing nýrrar aðalnámskrár er komin vel á veg í samstarfi við skóla í Grafarvogi og á Kjalarnesi.

##### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Efla þarf samstarf stjórnendateymis um faglega forystu og stefnumótun um faglegar áherslur í skólastarfinu og auka samráð stjórnenda og kennara um faglegar áherslur skólans varðandi nám og kennslu. Leggja áherslu á að birta skólanámskrá sem tilgreinir faglegar áherslur skólans, markmið og leiðir í skólaþróun en að sögn stjórnenda er sú vinna langt komin. Tryggja þarf að allir starfsmenn skólans fái tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegri umræðu um stefnu skólans og skólasamfélagið og leggja áherslu á að starfsfólk fái endurgjöf á störf sín.

Forgangsraða ætti verkefnum eftir mikilvægi í umbótaáætlun og skilgreina mælikvarða um árangur skýrar til að hægt sé að meta hvort tilætlaður árangur hafi náðst. Umbótaáætlunin ætti að byggja á niðurstöðum úr innra mati.

<sup>3</sup> <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>



## STEFNUMÓTUN OG SKIPULAG

### SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STARFSÁÆTLUN OG SKÓLANÁMSKRÁ, SKÓLADAGUR NEMENDA OG VERKLAGSREGLUR OG ÁÆTLANIR

#### STYRKLEIKAR

Starfsáætlun Rimaskóla endurspeglar helstu kröfur aðalnámskrár og áherslur sveitarfélagsins. Í skólahverfi Grafarvogs og Kjalarnes hefur verið unnið sameiginlega að innleiðingu nýrrar aðalnámskrá grunnskóla, m.a. með það að markmiði að efla faglega samvinnu, bæta námsskipulag/námsumhverfi og bæta námsárangur nemenda. Hæfniviðmið, grunnþættirnir sex og lestrarstefna hefur verið mótuð með sameiginlegri vinnu skólanna. Mikilvægt er að ljúka sem fyrst endurskoðun á skólanámskrá og aðlögun að nýrri aðalnámskrá og innleiða í starf Rimaskóla.

Skóladagatal Rimaskóla uppfyllir viðmið viðmiðunarstundaskrár og skóladagur nemenda er heildstæður. Nemendahópar eiga sameiginlega tíma á töflu og þannig kost á samvinnu. Fjölbreyttar valgreinar eru á unglingastigi og greinargóðar lýsingar á þeim eru á heimasíðu skólans. Skólareglur eru jákvæðar og uppbyggilegar og almennt líður nemendum vel í skólanum, samkvæmt könnun sem lögð var fyrir.

Móttökuáætlanir fyrir nemendur af erlendum uppruna, fyrir nýja nemendur og nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda eru aðgengilegar á heimasíðu.

#### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Mikilvægt er að birta skólanámskrá sem heildstætt skjal eða undir einu yfirheiti á heimasíðu og birta námsvísa og kennsluáætlanir fyrir alla bekkir og allar námsgreinar. Gera þarf áætlun um kannanir og skimanir og birta í skólanámskrá. Innleiða ætti mat á framkvæmd skólastefnunnar á markvissan hátt með þátttöku allra hagsmunaaðila.

Efla ætti jákvæðan skólabrag og móta leiðir til að viðhalda góðum starfsanda með áherslu á að virkja starfsfólk til þátttöku í viðburðum. Taka ætti upp umræðu um skólareglur með starfsfólki, samræma viðbrögð við brotum á þeim og gera skólareglurnar sýnilegar í skólanum.

## SAMSKIPTI HEIMILA OG SKÓLA

### SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: SKÓLARÁÐ, FORELDRAFÉLAG, ÞÁTTTAKA FORELDRA Í SKÓLASTARFI OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

#### STYRKLEIKAR

Skólaráð er starfandi, í samræmi við ákvæði reglugerðar, og fundar reglulega. Foreldrar og nemendur eiga sína fulltrúa í skólaráði og fulltrúar nemenda koma úr stjórn nemendafélagsins sem er lýðræðislega kosin. Fundargerðir skólaráðs eru aðgengilegar, bæði á heimasíðu foreldrafélagsins og heimasíðu Rimaskóla. Foreldrafélag skólans er virkur samstarfsaðili skólans og sér um viðburði í skólastarfinu.

Foreldrar eru yfirleitt ánægðir með skólann, samkvæmt könnun sem lögð var fyrir, og í rýnihópi foreldra kom fram að auðvelt er að fá upplýsingar frá skólanum. Samskipti skólans við foreldra eru almennt vinsamleg og í rýnihópi foreldra kom fram að skólinn hvetur til þátttöku foreldra í starfinu og foreldrum er boðið í skólann vegna ýmissa tilefna. Foreldrafélagið er með heimasíðu þar sem er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar.

---

#### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Tryggja þarf lýðræðislega kosningu allra fulltrúa í skólaráði (þ.m.t. foreldra) og leita leiða til að virkja foreldra til þátttöku í skólastarfinu. Móta ætti áætlun um samstarf foreldra og skólans, tryggja að tillögur og hugmyndir foreldra séu teknar til greina og tryggja gott upplýsingastreymi til foreldra.

## NÁM OG KENNSLA - SAMANTEKT

Í viðmiðum um nám og kennslu í grunnskóla er fjallað um nám og námsaðstæður, þátttöku og ábyrgð nemenda og námsaðlögun. Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Rimaskóla í hverjum kafla fyrir sig. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.<sup>4</sup>

## NÁM OG NÁMSAÐSTÆÐUR

### SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: INNTAK OG ÁRANGUR, SKIPULAG NÁMS OG NÁMSUMHVERFI, KENNSLUHÆTTIR OG GÆÐI KENNSLU, NÁMSHÆTTIR OG NÁMSVITUND

#### STYRKLEIKAR

Hlutfall nemenda í 2. bekk Rimaskóla sem les sér til gagns samkvæmt lesskimun hefur hækkað milli ára 2014 og 2015. Lestraráætlun hefur verið gerð með skólum í Grafarvogi/Kjalarnes en meðal þess sem lögð hefur verið áhersla á í skólanum er greining á lestri nemenda. Grunnþáttum menntunar er gerð góð skil í vinnuskjali um hæfniviðmið í skólum Grafaravogs og Kjalarnes og það er birt á heimasíðu Rimaskóla. Námsvísar sýna stígvaxandi kröfur og samfellu í námi nemenda.

Fagþekking kennara er góð og í vettvangsheimsóknnum mátu matsaðilar 70% kennslustundir góðar. Í vettvangsathugunum sást að flestir kennarar lögðu sig fram um að vekja og viðhalda áhuga nemenda og fagþekking þeirra var sýnileg. Að því er fram kom í rýnihópum eru kennarar hvattir til fjölbreyttra kennsluhátta og í vettvangsheimsóknnum kom fram að í 44% kennslustunda unnu nemendur einstaklingsvinnu og samvinnuverkefni voru í 44% kennslustunda. Námsumhverfi og aðbúnaður í skólanum er almennt góður.

Nemendur eru almennt ánægðir með nám sitt og finnst gaman að læra í skólanum. Nemendur á unglíngastigi fá tækifæri til að velja valgreinar eftir áhugasviði hluta námstímans og eru valgreinar nokkuð fjölbreyttar. Nemendur telja að kennarar hlusti á þá og veiti því athygli sem þeir segja og foreldrar telja að heimanám barna þeirra hafi skýr markmið og sé skipulagt. Í Rimaskóla er lögð rík áhersla á að vekja athygli á fjölbreyttum og margvíslegum árangri nemenda.

#### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Birta þarf skólanámskrá á heimasíðu skólans í heild sinni en margt af því sem tilheyrir skólanámskrá er að finna í starfsáætlun skólans. Mikilvægt er að taka saman og birta útfærslu skólans á grunnþáttum í menntun og hvernig þeir birtast í starfinu og ljúka við endurskoðun námskrár í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.

Leita þarf leiða til að bæta árangur nemenda, m.a. með því að birta á heimasíðu skólans námsvísar/kennsluskjár svo nemendum séu ljós markmið og viðmið, leggja áherslu á að kynna nemendum námsmarkmið og viðmið um árangur í stað markmiða um afköst, auka val nemenda í kennslustundum og huga að því að nemendur fáist við fjölbreytt viðfangsefni. Auka ætti áherslu á leiðsagnarmat, sbr. aðalnámskrá. Auka mætti sveigjanleika í námsumhverfi unglíngastigs, m.a. með fjölbreyttari uppröðun borða, betri nýtingu bókasafns, ganga eða annarra rýma og auka áherslu á umræður nemenda og ígrundun. Leggja ætti áherslu á markvissa nýtingu upplýsingatækni í skólanum og leita leiða til að auka val nemenda um námsaðferðir.

<sup>4</sup> <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

## ÞÁTTTAKA OG ÁBYRGÐ NEMENDA

### SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: LÝÐRÆÐISLEG VINNUBRÖGÐ OG ÁBYRGÐ OG ÞÁTTTAKA

#### STYRKLEIKAR

Á vettvangi sást að samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu og það kemur einnig fram í rýnihópum. Nemendur telja langflestir að kennarar hlusti á þá og veiti þeim athygli eða 97% nemenda í 6. bekk og 67% nemenda í 9. bekk. Stjórnendur skólans segja að nemendur hafi rödd í skólasamfélaginu og komið sé til móts við þá og nemendur í 6. og 9. bekk telja að komið sér fram við þá af sanngirni og virðingu. Nær allir nemendur í 6. og 9. bekk sem tóku þátt í könnun segja að kennararnir ætlist til þess að þeir taki ábyrgð á eigin námi í kennslustundum eða 100% nemenda í 6. bekk og 94% í 9. bekk. Nemendur í eldri bekkjum skólans gera eigin námsáætlun í stærðfræði.

Í vettvangsathugunum virtist matsmönnum nemendur almennt koma vel fram og taka tillit til annarra. Nemendafélag er starfandi í skólanum og eru fulltrúar í stjórn kosnir með lýðræðislegri kosningu. Hlutverk félagsins er að sjá um viðburði og vinna í ýmsum ráðum, t.d. auglýsingaráði, góðgerðaráði og skólaráði. Stjórn nemendafélagsins fundar einu sinni í viku.

#### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Efla ætti nemendalýðræði í skólanum með því að leita markvisst eftir viðhorfum nemenda til náms og kennslu. Birta mætti fundargerðir stjórnar nemendafélagsins sem fundar einu sinni í viku.

Gera þarf markmið sýnileg í kennslustundum og tryggja að þau séu nemendum ljós, svo og viðmið um árangur. Leita þarf leiða til að virkja og kenna nemendum að setja sér námsmarkmið og vinna samkvæmt þeim. Í könnun kom fram að aðeins 26% kennara eru sammála því að nemendur taki þátt í að setja sér námsmarkmið en 46% ósammála. Tryggja þarf að allir foreldrar fái skýrar upplýsingar um námsárangur barna sinna.

## SKÓLI ÁN AÐGREININGAR

### SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: MENNING OG VIÐHORF, NÁMSKRÁ OG ÁÆTLANIR, UPPLÝSINGAMIÐLUN OG SAMSKIPTI, STARFSHÆTTIR

#### STYRKLEIKAR

Í vettvangsathugunum sáu matsmenn að kennarar leitast við að allir nemendur taki virkan og fullgildan þátt í starfi bekkjarins. Skólabragur einkennist almennt af viðurkenningu og sanngirni.

Starfshættir í skólanum taka mið af hugmyndafræði náms án aðgreiningar að því leyti að samstarf kennara byggir á sameiginlegri ákvarðanatöku um lausnir og útfærslur. Starfsfólk vinnur í teyrum og deilir með sér ábyrgð á námi og velferð hópsins. Samstarf kennara gengur vel, að mati rýnihópa og aðstaða í skólanum er góð að flestu leyti. Umsjónarkennari ber ábyrgð á námi allra nemenda í sínum námshópi og einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir fatlaða nemendur og þá sem víkja frá námskrá bekkjarins. Stjórnendur sérkennslu og stuðningsfulltrúar sitja fundi með kennurum á yngsta stigi og í rýnihóp þeirra kom fram að gott samstarf er við umsjónarkennara vegna nemenda sem fá stuðning. Móttökuáætlanir fyrir nemendur með sértækar þarfir/fatlaða nemendur og nýja nemendur af erlendum uppruna eru birtar á heimasíðu. Nám og kennsla blinds nemenda í skólanum hefur gengið afar vel og hafa aðrir skólar leitað til Rimaskóla vegna þess. Til að koma til móts við margbreytilegan hóp einstaklinga hafa kennarar sjónrænt skipulag á yngsta stigi. Bráðgerir nemendur á unglingastigi hafa tækifæri til að fara áfram í námi.

Í könnun meðal nemenda kemur fram að þeir telja að væntingar séu gerðar til þeirra og að kennarar hvetja þá til að gera sitt besta í náminu, 87% nemenda í 6. bekk eru sammála því og 72% nemenda í 9. bekk. Nemendur telja einnig að í langflestum tilfellum hlusti kennarar á þá og veiti því athygli sem þeir eru að segja.

Nemendur læra á nokkuð fjölbreyttan hátt og í 5. og 6. bekk eru umræður hluti af námsmati samkvæmt námsvísunum sem birtir eru á heimasíðu. Rimaskóli hefur sett fram hæfniviðmið með skólum í Grafarvogi og Kjalarnesi (*Hverfi sem lærir*). Rimaskóli hefur nýtt þjónustu og ráðgjöf frá kennsluráðgjöfum á Miðgarði.

#### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Móta þarf sameignilega sýn um stefnu skólans um skólasamfélag án aðgreiningar með þátttöku allra hagsmunaaðila skólans undir forystu stjórnenda þannig að ljóst sé að allir séu að vinna að sama markmiði. Vinna ætti heildaráætlun Rimaskóla um skipulag sérstaks stuðnings og gera skýrari grein fyrir heildarskipulagi, framkvæmd og ábyrgð einstakra aðila. Vinna þarf einstaklingsnámskrár ítarlegar og æskilegt er að auka samráð við foreldra og nemendur um markmið sem þar eru sett fram. Æskilegt er að fagmenntaðir starfsmenn beri ábyrgð á sérstökum stuðningi í námi eftir því sem við verður komið. Skrá ætti hvernig brugðist er við niðurstöðum kannana og skimana.

Markvisst þarf að vinna að því að gagnkvæm virðing ríki milli allra aðila í skólanum og taka á fordómum gagnvart ákveðnum hópum. Mikilvægt er að upplýsingar um skólann séu á fleiri tungumálum en íslensku á heimasíðu og gera verkferla um samvinnu milli leik- og grunnskóla og grunn- og framhaldsskóla sýnilega. Sjónrænt skipulag ætti að vera á öllum stigum til að koma til móts við margbreytilegan hóp nemenda.

Finna þarf viðeigandi aðstöðu fyrir námsver unglinga. Sóknarfæri eru í að þróa kennsluhætti með auknum samræðum og samstarfi nemenda og mikilvægt er að útfæra námsmat með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá og nýjum hæfniviðmiðum og matsviðmiðum.

## VETTVANGSHEIMSÓKNIR Í RIMASKÓLA


Í skólaheimsókn í Rimaskóla voru 37 kennslustundir heimsóttar og metnar út frá viðmiðum um gæði stundarinnar. Stundin er metin góð þegar flestir nemendur ná tókum á viðfangsefni stundarinnar og flestir fá verkefni við hæfi, hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir.<sup>5</sup> Flestar stundir í Rimaskóla voru metnar góðar eða 26 stundir, fimm voru metnar frábærar og þrjár má bæta.

Mat á kennslustundum		
	Fjöldi	Hlutfall
Frábær	5	14%
Góð	26	70%
Þarf að bæta	3	8%
Ekki metin	3	8%
<b>Samtals</b>	<b>37</b>	<b>100%</b>

Einnig var skoðað hvaða kennsluaðferð/ir og vinnubrögð voru notuð í stundinni. Oftast var merkt við fleiri en eitt atriði þannig að í þessum 37 stundum voru 80 merkingar. Oftast voru nemendur að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, merkt var við það í 30 stundum eða 81% tilvika. Þá var merkt við markvissa samvinnu í 14 stundum eða 38% tilvika og innlögn eða beina kennslu í 35% stundanna, sjá töflu hér að neðan.


Kennsluaðferðir		
	Fjöldi	Hlutfall
Verkefnavinna	30	81%
Markviss samvinna	14	38%
Innlögn	13	35%
Sköpun og tjáning	10	27%
Þemavinna	6	16%
Sjálfstæð vinna / eigið val	5	14%
Verklegt	2	5%

Skoðað var hvort nemendur væru að vinna hver að sínu verkefni eða saman í þörum eða hópum að sameiginlegri lausn eða skilum. Eins og sjá má á myndinni hér að neðan var einstaklingsvinna í 44% stundanna, samvinna var í 44% stunda og blanda af einstaklings- og samvinnu var 12%.



<sup>5</sup> Sjá nánari lýsingu í fylgiskjali: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar.

Notkun á upplýsingatækni í námi og/eða kennslu var sérstaklega skoðuð og ef svo var þá hvort kennari/ar eða nemendur nýttu sér tæknina. Upplýsingatækni var aðeins notuð í 16% stundanna, sjá nánar hér að neðan.



Lagt var mat á sjálfstæði nemenda í vali á verkefnum í 34 kennslustundum, þ.e. hvort kennari ákveður verkefni eða nemendur hafa val um verkefni eða útfærslu. Í miklum meirihluta kennslustunda ákvað kennari verkefnin eins og sjá má í töflunni hér að neðan

Val á verkefnum		
	Fjöldi	Hlutfall
Kennari ákveður	28	82%
Nemendur ákveða	1	3%
Bæði kennari og nemendur ákveða	5	15%
<b>Samtals</b>	<b>34</b>	<b>100%</b>

Þá var skoðað hvort markmið stundarinnar hefði verið sýnilegt eða kynnt fyrir nemendum og það var gert í 41% stunda sem heimsóttar voru.

## INNRA MAT - SAMANTEKT

### SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: SKIPULAG OG FRAMKVÆMD, GAGNAÖFLUN OG VINNUBRÖGÐ, OPINBER BIRTING OG UMBÆTUR

#### STYRKLEIKAR

Reglulega fer fram mat á námi, framförum og árangri nemenda og ígrundun náms og kennslu fer fram á stígs- og fagfundum kennara. Unnið er að ýmsum þáttum innra mats í skólanum en ekki alltaf undir þeim formerkjum.

Umbótaáætlun 2014-2017 liggur fyrir og hefur verið kynnt fyrir starfsfólki.

#### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Koma þarf á kerfisbundnu innra mati sem er samfið daglegu skólastarfi. Gera þarf matsáætlanir til lengri og skemmri tíma og kynna hagsmunaaðilum. Í skólanámskrá þarf að fjalla um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta starfið, bæði árangur og gæði.

Skipa þarf matsteymi sem heldur utan um matið og í teyminu eiga að sitja fulltrúar allra hagsmunaaðila. Velja þarf viðfangsefni innra mats út frá stefnu og markmiðum skólans og leggja áherslu á að meta nám og kennslu reglulega þannig að matið verði hluti af daglegu skólastarfi. Velja þarf viðeigandi og fjölbreyttar aðferðir til gagnaöflunar og leita sjónarmiða allra hagsmunaaðila.

Greina þarf niðurstöður í sterka og veika þætti og setja fram og framkvæma nákvæma umbótaáætlun út frá þeirri greiningu, þar sem tímasetning hvers þáttar þarf að koma fram. Skrifa þarf greinargerð um innra matið þar sem framkvæmd og skipulagi er lýst og því hvernig gengið hefur að ná fram markmiðum skólastefnu. Greinargerðin á að vera aðgengileg öllum hagsmunaaðilum.



## MANNAUÐUR - SAMANTEKT

### SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STARFSÁNÆGJA, LÍÐAN OG AÐBÚNAÐUR Á VINNUSTAÐ, VIÐHORF TIL STJÓRNUNAR, SAMSTARF OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

#### STYRKLEIKAR

Starfsfólki líður almennt vel í vinnunni og ber umhyggju fyrir hvert öðru. Samstarf innan stiga og árganga er gott og kennarar finna fyrir trausti stjórnenda. Skólaliðar og almennir starfsmenn eru ánægðir með samskiptin við stjórnendur og segja aðgengi að þeim gott. Almenn er starfsfólk ánægt með vinnuaðstöðu og skólinn er vel tækjum búinn. Starfsfólk í sérkennslu er ánægt með kennslugögn og búnað og starfsfólk í mötuneyti er ánægt með vinnuaðstöðu.

Stjórnendur hvetja til faglegs samstarfs innan skólans og ánægja er með árganga-, stigs- og fagfundi kennara. Ánægja er einnig meðal kennara á yngsta stigi með samkennslu í 1.-4. bekk. Stuðningsfulltrúar og stjórnendur sérkennslu sitja stigsfundi á yngsta stigi og samstarf kennara og stuðningsfulltrúa gengur vel. Vel er staðið að skipulagningu afleysinga fyrir kennara á yngsta stigi og miðstigi.

Starfsmannafélag er starfandi og stendur reglulega fyrir viðburðum. Stjórnendur senda vikulega út yfirlit yfir dagskrá vinnunnar og hún er einnig aðgengileg útprentuð á kaffistofu starfsmanna.

#### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Efla þarf starfsandann og leita leiða til að auka þátttöku starfsfólks í viðburðum á vegum starfsmannafélagsins. Bæta þarf samskipti og samvinnu milli ólíkra starfsmannahópa og á milli stiga. Stjórnendur ættu að veita kennurum og öðru starfsfólki markvissa endurgjöf og leggja sig fram um að hrósa fyrir vel unnin störf. Stjórnendur þurfa að vera sýnilegri í skólastarfinu og fara reglulega í heimsóknir í kennslustundir.

Tryggja þarf að jafnréttis og jafnræðis sé gætt og að allir starfsmenn geti tekið virkan þátt í skólasamfélaginu. Taka þarf á og vinna markvisst gegn fordómum í garð erlendra starfsmanna og tryggja þarf að áætlun um viðbrögð við áreiti og einelti í starfsmannahópnum sé aðgengileg og að unnið sé eftir henni. Stjórnendur þurfa að taka markvisst á ágreiningsmálum sem upp koma í skólanum og bregðast við ábendingum starfsmanna um það sem betur má fara í skólastarfinu.

Tryggja þarf að allir starfsmenn fari reglulega í starfsþróunarviðtal og fylgja þarf niðurstöðum samtalanna markvisst eftir. Bæta þarf móttöku og þjálfun nýrra starfsmanna og leita leiða til að tryggja að erlendir starfsmenn fái nauðsynlegar upplýsingar varðandi starfið og geti tekið virkan þátt í skólasamfélaginu. Leita þarf leiða til að bæta hljóðvist og aðstöðu á skólalóð. Leita þarf leiða til að auka samstarf milli stiga.

## RIMASKÓLI – YFIRLIT

Stjórnun			Nám og kennsla		
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og náms- aðstæður	Þátttaka og ábyrgð nemenda	Skóli án aðgreingar
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólanámskrá	Skólaráð og foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Mennig og viðhorf
Stjórnun stofnunnar	Skóladagur nemenda	Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Námskrá og áætlanir
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu		Upplýsinga-miðlun og samskipti
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund.		Starfshættir.

Innra mat	Mannauður
Framkvæmd innra mat	Mannauður
Skipulag og framkvæmd	Starfsánæja, líðan og aðbúnaður á vinnustað.
Gagnaöflun og vinnubrögð	Viðhorf til stjórnunar
Opinber birting og umbætur	Samstarf og upplýsingamiðlun.

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem **dökkgrænt sýnir mjög gott verklag** sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, **ljósgrænt gott verklag þar sem** flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, **gult þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta** og **rautt að verklag er óviðunandi** og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

## Fylgiskjal 1

### Viðmið um mat á gæðum kennslustundar.

#### Frábær

Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

#### Góð

Flestir nemendur ná árangri vegna góðrar kennslu. Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.

Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við. Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi. Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda. Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargir eru vel nýttar og tími vel nýttur. Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

#### Þarf að bæta

Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að flestir nemendur njóta stundarinnar og ná viðunandi árangri.

#### Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins ná ekki fullnægjandi árangri.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi og ekki virðist vera stuðlað að alhliða þroska og menntun.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.

Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:

- Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
- Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
- Bekkjarstjórnun er ábótavant.
- Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
- Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.
- Lítil áhersla er á mat og endurgjöf.